



## G J A L D S K R Á

### fyrir leikskólana í Fjarðabyggð

Gildir frá 1.3.2025

#### Skipulag starfs innan leikskóla Fjarðabyggðar

Leikskóladeginum er skipt upp í tvennt:

- Faglegt starf fer fram frá kl. 09:00–14:00 alla virka daga.
- Frjáls tími, morgunverður og leikstundir eru frá 07:45–09:00 á morgnana og eftir kl. 14:00 á daginn.

#### Innritun nemenda á leikskóla Fjarðabyggðar

Innritun nemenda í leikskóla er rafræn og fer fram ársfjórðungslega.

#### Sveigjanlegur dvalartími

Breytilegur dvalartími skapar svigrúm fyrir fjölskyldur til að sníða leikskóladvöl barna að þörfum fjölskyldunnar. Með breytilegum dvalartíma greiða fjölskyldur einungis fyrir þann tíma sem er nýttur og möguleiki er á að lækka dvalargjöld. Breytilegur dvalartími milli daga er í boði fyrir öll leikskólabörn, að lágmarki 20 tíma dvöl á viku þar sem lágmarksdvöl er 4 stundir á dag alla virka daga.

Foreldrar og forsjáraðilar geta skráð börnin sín í sveigjanlega dvöl í upphafi hvorrar annar eða í síðasta lagi 15. ágúst fyrir haustönn og 15. desember fyrir vorönn. Hægt verður að haga skráningum þannig að dvölin sé mismunandi eftir dögum en þó aldrei meira en 42,5 tímar á viku.

#### Dvalargjöld

Dvalargjöld í leikskólum Fjarðabyggðar eru reiknuð mánaðarlega og reiknast út frá dvöl barns miðað við fjölda klst. á mánuði án skráningardaga, sjá hér fyrir neðan:

**Almennt vistunargjald** fyrir allt að 6 tíma vistun frá 08:00-14:00 mun vera 17.000 kr. á mánuði. Almennt vistunargjald fyrir allt að 8 tíma vistun frá 08:00-16:00 mun vera 42.000 kr. frá og með 1. mars 2025.

**Viðbótar vistunargjald á mánuði** umfram almennt vistunargjald fyrir hverjar 15 mínútur á tímabilinu fyrir kl 07:45 – 08:00 kosta 10.000 kr. Hverjar 15 mínútur á tímabilinu 16:00 – 16:15 kosta 5.000 kr. frá og með 1. mars 2025.

Hér að neðan er tafla sem tekur mið af mismunandi vistunartíma barns reiknað út frá vistunargjaldi per klst.:

Dvalarstundir	Almennt vistunargjald	Tekjutengdur 50% afsláttur	Með morgun- og síðdegis-hressingu	Með morgun- og síðdegis-hressingu og hádegismat
4 tímar	11.332	5.666	14.035	14.035
5 tímar	14.165	7.083	16.868	16.868
6 tímar	17.000	8.500	19.703	19.703
7 tímar	31.000	15.500	36.406	36.406
8 tímar	42.000	21.000	47.406	47.406



### Afslættir

Afslættir reiknast af dvalargjöldum, það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga.

Veittur er 50 % afsláttur fyrir annað barn. Ekkert er greitt fyrir þriðja barn. Greiða ber fullt gjald fyrir það barn sem er í lengstri gjaldskyldri vistun.

### Tekjuviðmið

Einstaklingar sem falla undir tekjuviðmið 0-9.000.000 kr. geta sótt um 50% afslátt af dvalargjöldum, það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga, en fæðisgjald fellur ekki þar undir.

Sambúðarfólk sem fellur undir tekjuviðmið 0-13.600.000 kr. geta sótt um 50% afslátt af dvalargjöldum, það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga, en fæðisgjald fellur ekki þar undir.

Tekjuviðmið miðast við heimili og eru eftirfarandi:

- Miðað er við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu 12 mánuði þegar umsókn um leikskólavist er send inn. Endurnýjaðri staðgreiðsluskrá þarf að skila inn til viðkomandi leikskóla fyrir 1. september ár hvert.
- Tekjuviðmið eru endurskoðuð af fjölskyldunefnd.

### Skráningardagar

Skráningardagar eru samtals 20 á hverju ári. Gjald fyrir hvern skráningardag er 3.000 kr. og kemur til viðbótar við dvalargjöld. Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að skrá börnin sín á skráningardaga í upphafi hvernar annar eða í síðasta lagi 15. ágúst fyrir haustönn og 15. desember fyrir vorönn.

Skráningardagarnir 2025 eru sem hér segir:

#### Vetrarfrí að vori

- Dagsetningar koma fram í skóladagatölum ár hvert

14. – 16. apríl (3 dagar í dymbilviku)  
25. apríl (föstudagur)  
2. maí (föstudagur)  
30. maí (föstudagur)  
16. júní (mánudagur)

#### Vetrarfrí að hausti

- Dagsetningar koma fram í skóladagatölum í mars ár hvert

22. desember (mánudagur)  
23. desember (þriðjudagur)  
29. desember (mánudagur)  
30. desember (þriðjudagur)

Hver leikskóli ákvarðar fjóra skráningadaga í viðbót við ofangreindar dagsetningar sem verða tilgreindir í skóladagatali hvers skólaárs.

Fjórum sinnum á ári (tvisvar á önn) hefst skóladagurinn annað hvort kl 10:10 eða lýkur kl 13:50 vegna starfsmannafunda. Skert opnun vegna starfsmannafunda verður tilgreind í skóladagatali hvers skólaárs.



### Fæðisgjald

Morgunhressing 2.703 - kr.  
Síðdegishressing 2.703 - kr.  
Hádegismatur 0 - kr.

Fæðisgjald (morgunhressing og/eða síðdegishressing) fylgir vistunartíma barna.

Leikskólagjaldið greiðist fyrir fram, eindagi er 15. hvers mánaðar. Dragist greiðsla í tvo mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörun, að plássinu hafi verið sagt lausu.

Uppsagnarfrestur leikskólaplássá er einn mánuður og miðast uppsögn við 1. hvers mánaðar.

### Reglur um niðurfellingu leikskólagjalda

Ef um veikindi barns er að ræða sem vara 4 vikur eða lengur er hægt að fella niður leikskólagjöld um helming gegn framvísun læknisvottorðs.

Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra verði metin af leikskólastjórum í hvert sinn. Leikskólagjöld falla niður í sumarfrí barna. Boðið er upp á 4 til 8 vikur á tímabilinu frá 15. maí til 15. september.

Fjarðabyggð 7. febrúar 2025

  
Jóna Árný Þórðardóttir  
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði 20. janúar 2025

Samþykkt í bæjarstjórn 7. febrúar 2025

